

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um starfsfólk leikskóla sem hefur hætt eða farið í langtímaveikindi 2021-2023**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir yfirliti eftir mánuðum yfir starfsfólk, leikskólakennara og leikskólastjóra sem hætt hafa störfum eða hafa farið í langtímaveikindi frá árinu 2021 – júlí 2023.*

#### **Svar:**

Að svo stöddu er fyrirspurninni vandsvarað upp úr þeim gögnum sem sviðið hefur aðgang að. Þessa tölfræði er engu að síður mikilvægt að halda vel utan um og því verður haldið áfram að þróa leiðir til að halda utan um starfsmannaveltu annars vegar og langtímaveikindi hins vegar.

#### **Starfsmannavelta**

Úr launakerfi borgarinnar fengum við lista yfir 2.477 skráningar um að starfsfólk sem er hætt á tímabilinu frá árinu 2021 til júlí 2023. Þær ástæður sem eru gefnar upp fyrir því að starfsmaður hafi hætt eru að starfsmaður hafi sagt upp, verið ráðinn tímabundið, vegna starfsloka vegna aldurs og vegna veikinda, vegna uppsagna og andláts. Í raun þarf að handyfirfara allan listann til að hreinsa út margtekningar og til að átta sig á því hvort viðkomandi sé í raun hættur eða hvort starfið hafi tekið breytingum og starfsmaður því skráður hættur áður en nýr samningur var gerður, einstaklingur hafi tímabundið hætt og byrjað svo aftur eða hvort hann hafi hætt og síðan hafið störf í öðrum leikskóla. Þá eru starfslok stundum keyrð aðeins seinna en starfsmaður hætti sem getur jafnframt skekkst niðurstöðurnar. Þau gögn sem eru fyrirleggjandi eru ekki á því formi að hægt er að svara þessari fyrirspurn eins og hún er lögð upp vegna ofangreindra ástæðna.

#### **Langtímaveikindi**

Það sama er upp á teningnum í tengslum við skráð langtímaveikindi. Ekki er unnt að greina þetta niður með þeim hætti sem um er spurt. Nokkuð er um að fólk sem fer í langtímaveikindi komi aftur tímabundið og fari svo aftur í langtímaveikindi. Einhverjir hafa hætt, byrjað svo aftur og svo farið í langtímaveikindi. Þar sem langtímaveikindi eru skráð á miðlægan kostnaðarstað eftir að veikindi standa lengur en í mánuð þarf að keyra saman gögn úr fleiru en einu kerfi. Leiðréttingar sem eru oft gerðar eftir á meðan umfang veikindanna er að koma í ljós gera gagnavinnslna líka mjög flókna. Í raun þyrfti að skoða hvert einstakt tilvik fyrir sig. Gögnin eru því ekki á því formi að það sé hægt að svara þessari spurningu.